

## REGLUGERÐ

um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og kýlapestar í sauðfé og geitum.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Skylt er sauðfjáreigendum og þeim sem hafa sauðfé undir höndum hvar sem er á landinu, að tilkynna hlutadeigandi héraðsdýralækni og oddvita (bæjarstjóra) ef riðuveiki (neurotrop virus) gerir vart við sig í fjárstofni þeirra eða ef líkur eru til að sjúkdómurinn geti leynst í fénu.

Héraðsdýralæknir skal afla sjúkdómsgreiningar Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum. Fylgja skal fyrirmælum tilraunastöðvarinnar um sendingar á sýnishornum og lifandi kindum ef þurfa þykir. Nákvæm skýrsla um sýkingu í viðkomandi hjörð fylgi.

Tilraunastöðin skal gefa sauðfjársjúkdómanefnd skýrslu um sýkingarstaði.

##### 2. gr.

Óheimilt er að flytja sauðfé úr hjörðum, sem riðuveiku hefur verið staðfest í, á aðra bæi eða í önnur fjárhús.

Óheimilt er að flytja hey, heyköggla og hálm, húsdýraáburð, túnþökur og gróðurmold, sláturúrgang og hrámeti úr sláturhúsum til fódurs yfir varnarlínur eða milli sveita á sýktum svæðum. Óhreina ull má aðeins flytja beint á verslunarstað. Ullarumbúðir skal þvo og sótthreinsa í þvottastöð strax eftir notkun. Ekki má endurnota ullarumbúðir án sótthreinsunar. Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að gera ráðstafanir til að stöðva flutning og notkun vörubíla og annarra tækja og leita fulltingis lögreglu til þess.

Kostnað þann sem af ákvæðum þessarar greinar leiðir bætir ríkissjóður ekki. Sauðfjársjúkdómanefnd getur gefið undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

##### 3. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa að sauðfé sé haft í sóttkví um lengri eða skemmri tíma þar sem riðuveiki gerir vart við sig. Nefndinni er einnig heimilt að banna flutninga sauðfjár milli héraða, hreppa og einstakra bæja ef hún telur slíkt hafa þýðingu til að hindra útbreiðslu riðuveiki.

Nefndin getur fyrirskipað sérstakar litarmerkingar á sauðfé, þar sem sýking hefur fundist eða grunur leikur á um sýkingu. Verð merkjanna greiða ríkissjóður og viðkomandi sveitarfélag að jöfnu.

Ennfremur er nefndinni heimilt að fyrirskipa varnarráðstafanir, svo sem sótthreinsun fjárhúsa og rétta, lyfjamedferð, ónæmisadgerðir, litarmerkingar fjár o. fl., eftir því sem þörf krefur og við á hverju sinni, á kostnað viðkomandi aðila.

## 4. gr.

Á bæjum þar sem riða hefur verið staðfest skal ekki hýsa fé af öðrum bæjum né fódra og ekki brynna því með heimafé, hvorki við fjárrag haust og vor né á öðrum tímum. Ef hýsing er óumflýjanleg skal nota til þess hús þar sem fé hefur ekki verið geymt, þó ekki hlöður né fjós. Sé gegn þessu brotið getur sauðfjársjúkdómanefnd ákveðið að þeim kindum, sem hýstar hafa verið, verði lógað.

Leitast skal við að samræma lögboðnar smalanir innan sveitar og milli sveita. Við allar lögréttir og skilaréttir (aukaréttir) skal vera aðstaða til að einangra sjúkar eða grunaðar kindur. Línubrjóta, fé, sjúkt af riðu og annað fé, sem vekur grunsemdir í göngum, rekstrum og fjársafni, skal einangra án tafar og senda beint í sláturhús eða lóga á staðnum, ef ekki er annars kostur. Héraðsdýralæknir getur ákveðið, að fengnu samþykki sauðfjár-sjúkdómanefndar og eftir tillögum sveitarstjórnar, að fé sem kemur fyrir að hausti fjarri eiginlegum sumarhögum og öðru fé, sem smithætta kann að stafa af skuli slátra. Alltaf skal taka hausinn til rannsóknar og staðfestingar og önnur sýni eftir einkennum samkvæmt áðurfengnum leiðbeiningum héraðsdýralæknis. Hræið skal grafa djúpt eða urða rækilega. Eiganda og héraðsdýralækni skal tilkynnt um slíka lógun við fyrsta tækifæri.

Skylt er að fara vel með fé af riðubæjum og sérmerkt fé og láta það njóta forgangs við flutning og við sundurdrátt hvar sem réttað er. Skal draga það í sérstakan dilk.

Fjallkóngar, réttarstjórar, hreppstjórar, riðunefndir, þar sem þær starfa skv. III. kafla, og bændur almennt við smölun heimalanda sinna annast framkvæmd 3. og 4. mgr. þessarar greinar. Sauðfjársjúkdómanefnd og héraðsdýralæknir geta gefið undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

## 5. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta fara fram skoðun á sauðfé til þess að kanna útbreiðslu riðuveiki og fyrirskipa að fargað verði sjúkum eða grunsamlegum kindum á hvaða tíma árs sem er. Fjáreigendum er skylt að greiða fyrir slíkum skoðunum og rannsóknum og veita nauðsynlega aðstoð án sérstakrar þóknunar.

## 6. gr.

Ef riðuveiki verður vart í héraði þar sem hún hefur ekki verið kunn áður eða veldur verulegu tjóni á einstökum bæjum, getur ráðherra, að fengnum tillögum sauðfjár-sjúkdómanefndar, fyrirskipað niðurskurð alls sauðfjár þar og tímabundið fjárleysi í þeim tilgangi að hefta útbreiðslu veikinnar.

## 7. gr.

Þegar sauðfé er slátrað vegna riðuveiki, hvort sem um er að ræða hjarðir eða einstakar kindur, skal það gert í samráði við héraðsdýralækni. Skal hlíta fyrirmælum hans og sauðfjár-sjúkdómanefndar um allt það er lýtur að meðferð sláturúrgangs.

Þar sem riða hefur verið staðfest er skylt að gera viðvart um smithættu, þeim sem erindi hafa í fjárhús á viðkomandi býli.

Skylt er að gera nauðsynlegar ráðstafanir gegn því að menn geti borið veikina með sér. Sauðfjársjúkdómanefnd lætur í té skilti til viðvörunar í þessu skyni þegar þess er óskað.

Óheimilt er að flytja vélar, tæki og annað sem snert hefur fé eða saurgast á sýktu svæði til ósýktra bæja, nema héraðsdýralæknir samþykki.

## 8. gr.

Fjárklippur og lyfjadælur, sem notaðar hafa verið á riðubæjum, má ekki nota á öðrum bæjum. Sömu tæki og önnur sem óhreinast af sauðfé á sýktum svæðum skulu sótthreinsuð

samkvæmt fyrirmælum héraðsdýralæknis að lokinni notkun á hverjum bæ ef þau eru notuð á tveimur eða fleiri bæjum.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa að eytt skuli að fullu skrokkum af sjúkum kindum með því að brenna þá eða grafa. Einnig getur hún fyrirskipað að eytt sé við förgun hausum og innyflum úr fé frá bæjum þar sem riðuveiki hefur verið staðfest.

9. gr.

Reglugerð þessi tekur einnig til kýlapestar (bact. purifacicus) í sauðfé og riðuveiki og kýlapestar í geitum eftir því sem við á.

## II. KAFLI.

### Bótareglur.

10. gr.

Framlag ríkisins við ákvörðun bóta skal miða við fjártölu samkvæmt síðasta skattframtali fjáreigenda áður en förgun fer fram.

Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd lagt til grundvallar bótum fjártölu við næstsíðasta skattframtal hjá fjáreigendum sem orðið hafa fyrir verulegu tjóni af völdum riðuveiki árið áður en förgun fer fram.

11. gr.

Bætur vegna niðurskurðar, afurðatjónsbætur, skulu fara eftir því hversu lengi fyrirskipað er að hafa fjárlaust á jörðinni. Afurðatjónsbætur skulu fyrsta og annað fjárleysisárið nema 65% af frálagsverði 15 kg dilks samkvæmt haustgrundvallarverði fyrir hverja kind, en 45% fyrir þriðja fjárleysisárið. Þessar bætur greiðast í fyrsta skipti árið eftir niðurskurð.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu sauðfjársjúkdómanefndar, heimilað að vikið sé frá ákvæðum þessarar greinar um upphæð bóta þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem sérstök afurðasemi sauðfjár.

12. gr.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að semja við fjáreigendur um breytingu á búskaparháttum og skal þá samið um bótagreiðslu í eitt skipti fyrir öll, enda staðfesti ráðherra samninginn. Skal greiðsla þá fara eftir skattmati sauðfjár eins og það verður um næstu áramót eftir förgun. Bótafjárhæðin greiðist sem næst í tveimur jöfnum greiðslum sama ár og fargað er og í janúar árið eftir.

13. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd skal ákveða bætur vegna fjár sem fargað er skv. 4. og 5. gr.

14. gr.

Ef flytja þarf líflömb vegna fjárskipta samkvæmt ákvörðun sauðfjársjúkdómanefndar úr fjarlægum héruðum skal ríkissjóður greiða 90% flutningskostnaðar en viðkomandi aðili eða aðilar 10% flutningskostnaðar. Kaup á fjárskiptafé og vörslu í flutningum annast væntanlegir eigendur.

## 15. gr.

Réttur til bóta við niðurskurð sauðfjár er háður því að viðkomandi aðili fari í einu og öllu eftir fyrirmælum sauðfjársjúkdómanefndar, m. a. um fjárleysi á jörðinni, kaup á líflömbum, lagfæringu á girðingum og sóttþreinsun húsa. Viðkomandi aðili skal á eigin kostnað, undir eftirliti fulltrúa sauðfjársjúkdómanefndar, sóttþreinsa fjárhús og nánasta umhverfi þeirra og skal því lokið minnst ári áður en þau eru tekin í notkun að nýju. Þó skal sauðfjársjúkdómanefnd leggja til endurgjaldslaust háþrýstítæki til þvotta, sóttþreinsiefni, fúavarnarefni og málningu sem lagt er fyrir að nota. Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að halda eftir allt að 20% bótafjár þar til lokið er sóttþreinsun húsa og fyrirmæli þessarar greinar hafa verið uppfyllt. Fjárhæð þessi skal verðtryggt.

## III. KAFLI

## Um riðunefndir.

## 16. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að skipa riðunefnd, að fengnum meðmælum sauðfjársjúkdómanefndar og héraðsdýralæknis. Kostnaður við störf riðunefnda greiðist úr sveitar-sjóði. Umdæmi riðunefndar er viðkomandi sveitarfélag.

Í riðunefnd skulu vera minnst þrír menn skipaðir af sveitarstjórn til fjögurra ára að fengnum tillögum héraðsdýralæknis.

## 17. gr.

Riðunefnd skal aðstoða sauðfjársjúkdómanefnd og starfsfólk hennar, héraðsdýralækna, oddvita (bæjarstjóra) og fjáreigendur við framkvæmd laga, reglugerða og annarra samþykktu um varnir gegn útbreiðslu og útrýmingu riðuveiki.

Riðunefnd skal meðal annars hafa eftirlit með:

- 1) Einangrun, lögum og sýnatöku úr grunsamlegum kindum og flækingsfé.
- 2) Samgangi fjár milli bæja.
- 3) Flutningum sauðfjár og slátrun.
- 4) Skoðun á fé og eftirlit með fjárhúsum, réttum, girðingum og flutningatækjum.
- 5) Merkingu og skráningu á fé.
- 6) Varnargirðingum á sveitarmörkum eða annars staðar.
- 7) Framkvæmd afréttarmála, fjallskila og smölun heimalanda, með tilliti til riðuvarna.
- 8) Vörnum gegn smitburði með öðrum hætti.

Riðunefnd skal gera sauðfjársjúkdómanefnd aðvart telji hún einhverju áfátt í vörnum gegn riðuveiki á svæðinu. Nefndin skal hafa samvinnu við riðunefndir í nærsveitum.

Riðunefnd skal halda gjörðabók um störf sín og reynslu af baráttu við veikina. Hún skal enn fremur skila árlega starfsskýrslu til sveitarstjórnar og senda afrit hennar til sauðfjársjúkdómanefndar.

## 18. gr.

Komi upp grunur um riðu í kind, þar sem riðunefnd starfar, skal umráðamaður kalla til héraðsdýralækni eða tvo riðunefndarmenn. Þeir úrskurða, í umboði sauðfjársjúkdómanefndar, hvort lóga beri kindinni gegn bótum skv. 5. gr., sbr. 14. gr., taka tilskilin sýni og gera skýrslu um kindina, sem héraðsdýralæknir staðfestir.

## 19. gr.

Umráðamönnum sauðfjár er skylt að tilkynna riðunefnd um flutninga á fé til lífs og dvalar milli bæja og svæða eða breytingu á tilhögun upprekstrar innan sveitar. Riðunefnd er heimilt, að fengnu samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að gera ráðstafanir til að stöðva flutninga og notkun tækja í þessu skyni og láta flytja til baka eða lóga fé sem þannig hefur verið flutt án leyfis.

## 20. gr.

Riðunefnd skal hlutast til um að fylgst sé með ef fyrir kemur grunsamlegt fé í göngum, rekstrum og réttum, að fé sé skoðað á húsi a. m. k. einu sinni á ári og að fjáreigendur fái leiðbeiningar um hvernig best verði fylgt reglum um riðuvarnir.

## 21. gr.

Riðunefnd skal sjá um að allt fé á bæjum, þar sem sauðfjársjúkdómanefnd hefur fyrirskipað sérstakar litamerkingar, sé merkt. Litinn ákveður sauðfjársjúkdómanefnd. Riðunefnd skal enn fremur sjá um að ærbók sé haldin til skráningar á ættum. Merkja skal lömb með sömu númerum og mæður á meðan skráning á ættum er ekki fullkomin.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur gert nægilega örugga merkingu og skráningu að skilyrði fyrir bótum.

## 22. gr.

Riðunefnd lætur setja upp, í samráði við héraðsdýralækni og bændur, viðvörunar- og leiðbeiningarskilti á sérstökum hættustöðum eftir því sem við á, t. d. við fjárhús og sjúkrahús í réttum. Riðunefnd hlutast til um útvegun á sóttþreinsiefni og sóttvarnarbúnaði í samráði við héraðsdýralækni.

## IV. KAFLI

**Niðurlagsákvæði.**

## 23. gr.

Með mál sem rísa út af brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar skal fara að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 23 frá 10. mars 1956, sbr. breytingu með lögum nr. 75 frá 13. maí 1982.

## 24. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23 frá 10. mars 1956 og breytingu á þeim með lögum nr. 12 frá 28. mars 1967 og nr. 75 frá 13. maí 1982. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerð nr. 110 frá 18. júlí 1957 um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki (neurotrop virus) og kýlapestar (bact. purificicus) í sauðfé, með síðari breytingum og reglugerð nr. 492 frá 16. september 1981 um riðunefndir og viðnám gegn riðuveiki fyrir svæðið frá Jökulsá í Öxarfirði, austur um land til Hornafjarðarfylkis og fyrir Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppa, Rangárvallasýslu.

*Landbúnaðarráðuneytið, 24. september 1982.*

**Pálmi Jónsson.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*